3. fundur 9. júní 2016 í stjórn og varastjórn.

Dagskrá:

1. Sjúkrasjóður úttekt.

   Samþykkt að ganga til samninga við Enor ehf. um úttekt á sjóðnum.

2. Styrkumsókn frá nemendafélagi Norræna Genfarskólans. Samþykkt kr. 20.000.-

3. Fyrirhuguð er stækkun á Orlofsbyggðinni á Illugastöðum. Bréf barst þar um til að kanna áhuga stéttarfélaga á að reisa hús á nýju svæði. Ákveðið að skoða málið í haust.

4. Rætt var um komandi sumarferð til Grímseyjar 1. júlí n.k.

5. Bréf frá Gray Line Iceland þar sem leitað er til stéttarfélaga um kaup á farmiðum með sölu áfram til sinna félagsmanna í huga, á hagstæðu verði. Samþykkt að skoða þennan möguleika síðar.

6. Formaður gerði grein fyrir því viðhaldi sem farið hefur fram að undanförnu á sumarhúsum og orlofsíbúðum en aðeins það nauðsynlegasta hefur verið gert.

7. Bréf frá UNI Canerce Global Union sem eru sumarbúðir fyrir verslunarfólk undir 30 ára, hvort áhugi sé hjá félaginu að senda félaga 11.-.15. sept. n.k. Samþykkt að senda 1 félaga ef áhugi er fyrir hendi.

8. Bréf frá ASÍ, þar sem segir að ársreikningur félagsins 2015 hafi verið móttekinn og falli undir lög ASÍ.

9. Önnur mál.

   Halldór Óli Kjartansson sat aðalfund Símeyjar f.h. FVSA og sagði frá honum. Einnig gaf hann upplýsingar um aðalfund Tækifæris.

   Eiður formaður sagði frá ferð til Brussel sem hann og Guðlaug Óskarsdóttir starfsmaður félagsins fóru í og skipulögð var af ASÍ.

   Formaður gerði grein fyrir þeim skemmdum sem urðu v/leka frá 4. hæð. Viðgerðir eru farnar af stað og fékk hann leyfi stjórnar til að gera meiri breytingar en nákvæmlega þær sem tryggingafélagið bætir.